

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um um fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2025

Flm.: Rúnar Vilhjálmsson, Arna Grétarsdóttir, Árni Helgason,  
Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg W. Árnadóttir

Vinna við fjárhagsáætlun hófst í lok ágúst en helstu tekjuforsendur lágu þó ekki fyrir fyrr en við framlagningu fjárlagafrumvarps á Alþingi um miðjan september. Fyrirtækið Sessor aðstoðaði við vinnslu áætlunarinnar með sama hætti og síðustu tvö ár og hefur það gefist vel.

Niðurstaða áætlunarinnar gerir ráð fyrir hallalausum rekstri á næsta ári en algjör viðsnúningur hefur orðið í rekstri Þjóðkirkjunnar á s.l. þremur rekstrarárum. Ekki einungis hefur tekist að stöðva hallarekstur heldur hefur hefur handbært fé aukist umtalsvert. Fjárhagslegur styrkur Þjóðkirkjunnar er því allt annar en hann var fyrir þremur árum síðan.

Áætlunin gerir ráð fyrir óbreyttri starfsemi frá yfirstandandi ári að mestu leyti. Komið er til móts við áherslur nýs biskups í áætluninni sem er afar mikilvægt. Áður hefur verið bent á mikilvægi þess að sett verði í gang vinnu við að endurskipuleggja með markvissum hætti þá þjónustu sem Þjóðkirkjan veitir í landinu og hvernig henni verður best fyrir komið til framtíðar lítið. Biskupafundur hefur ákveðið að hefja þessa vinnu og er vonast eftir niðurstöðum á kirkjuþingi n.k. vor.

Heildartekjur næsta árs eru áætlaðar tæplega 4,7 milljarðar þ.a. er gagngjald ríkisins skv. fjárlagafrumvarpi 4,5 milljarðar og hækkar um 3,8% milli ára. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af kjarasamningsbundnum hækkunum samhliða kjarasamningum sem gerðir voru á árinu.

Gjaldamegin er launakostnaður stærsti útgjaldaliðurinn en samtals eru laun og launatengd gjöld áætluð rúmlega 3,4 milljarðar eða sem nemur 74% af heildarútgjöldum. Áætlunin gerir ráð fyrir að viðhaldskostnaður fasteigna verði 157 milljónir sem er hækkun frá áætlun yfirstandandi árs en samt ekki nóg ef miðað er við viðhaldsþörf fasteigna í eigu Þjóðkirkjunnar. Talsvert hefur verið selt af húsnæði í eigu Þjóðkirkjunnar á undanförunum árum og er gert ráð fyrir að halda því verkefni áfram í samræmi við ákvarðanir Kirkjuþings.

Í áætluninni er gert ráð fyrir hagræðingarkröfu á almennan rekstrarkostnað allra sviða sem nemur 2% eða u.þ.b. 12 milljónum. Auk þess voru allir útgjaldaliðir rýndir með það að markmiði að ná fram hagræðingu og ljóst að ekki verður lengra gengið án uppstokkunar eða endurskipulagningar á starfseminni.

Áætlunin gerir ráð fyrir að 10% af gagngjaldi ríkisins renni í Jöfnunarsjóð eða 450,7 milljónir og 2,3% í Kristnisjóð eða 102 milljónir. Starfsreglur gera ráð fyrir að framlag í Kristnisjóð sé að lágmarki 0,5% af gagngjaldi ríkisins. Framlag í Kristnisjóð er því 80 milljónum króna hærra en það á að vera að lágmarki. Heildarframlag í Jöfnunar- og Kristnisjóð nemur því 552,7 milljónum á næsta ári.

Birgir Gunnarsson  
framkvæmdastjóri Þjóðkirkjunnar